LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

19. apríl 2017

Atvinnuveganefnd Alþingis

Páll Magnússon formaður

Efni: Umsögn LS við frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar). Þingskjal 247 – 176. mál.

Landssamband smábátaeigenda (LS) lýsir stuðningi við frumvarpið og telur að það færi umhverfi smábáta nær þeim rétti sem sjálfsagður er, þ.e.a. handfæraveiðar verði frjálsar. LS var á sýnum tíma stofnað utan um þá hugsjón sem lifað hefur með félaginu hingað til og verður það áfram.

Frumvarpið er ákveðin leið til að þróa strandveiðar til betri vegar og að mati LS að skapa meira svigrúm við veiðarnar en nú er. Þar má nefna að veiðitímabilið verður átta mánuðir í stað fjögurra og föstu- og sunnudegi bætt við aðra vikudaga sem róa má.

Sú aðferðarfræði að skipstjóra verði heimilt að ákveða hvern af hinum 50 dögum sjálfur verður til að létta ákveðinni pressu af strandveiðum. Ekki verður lengur aðkallandi að róa fyrstu daga mánaðarins þegar ljóst er að aflaviðmiðun verði uppurin á svo dæmi sé tekið 4. degi hans. LS er sammála þessari aðferðarfræði enda gengur hún í átt að samþykkt félagsins um strandveiðar 4 daga í viku í 4 mánuði án mánaðarlegra stöðvunar veiða.

Í 2. gr. frumvarpsins er aflaaukningu mætt með því að taka strandveiðar út úr „veiðikerfinu“ og miða heildarafla við 22% af veiðistofni í stað 20%. LS hefur lengi gagnrýnt að of lítið sé veitt úr árlegum veiðistofni. Aflaregla sem komið var á til að standa við nýtingarstefnu stjórnvalda gerir ráð fyrir að árlega sé veitt 20% af veiðistofni sem Hafrannsóknastofnun mælir. Undanfarin ár hefur það ekki verið gert heldur hefur

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

veiðin sveiflast frá 17–19%. Góð innistæða er því fyrir 22%.

Auk þessa er óheimilt að nota önnur veiðitæki en handfæri á strandveiðum, sem er óumdeilt umhverfisvænasta veiðarfæri sem þorskur er veiddur með hér við land og ætti af þeim sökum að meta veiðarnar útfrá því.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lögð til breyting á lögum um veiðigjald. Hún gerir ráð fyrir að auk veiðigjalds skulu útgerðir strandveiðibáta greiða til viðbótar 10 krónur á hvert þorskígildiskíló. LS leggst alfarið gegn þessu ákvæði frumvarpsins.

Bent er á að ekki ber að líta á strandveiðar sem einhverja ölmusu og því eigi að greiða sérstakt gjald umfram aðra útgerðarflokka fyrir að fá að stunda strandveiðar. Strandveiðar eru ein tegund veiða í atvinnuskyni og sökum umhverfisvænleika veiðanna ætti frekar að verðlauna aðila sem stunda veiðarnar en leggja á hann aukagjald. Minnt skal á að útgerðir strandveiða greiða árlega sérstakt bryggjugjald kr. 50 þúsund auk þess sem litið er á veiðarnar sem sérveiðar þar sem árleg greiðsla er 22.000 kr.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri